

Ársskýrsla Kirkjubólss

vegna skólaársins

2017 – 2018



Júní 2018
Ásta Kristín Valgarðsdóttir
Leikskólastjóri

EFNISYFIRLIT

ÚTDRÁTTUR	2
INNGANGUR.....	3
INNRA STARF	3
FJÖLGREINDIR	3
EINKUNNARORÐ OG ÁHERSLUR	3
LÆSI.....	4
VINÁTTUVERKEFNI BARNAHEILLA	4
STARF ELSTU BARNA.....	4
SAMSTARF Á MILLI DEILDA	5
SAMSTARF VIÐ AÐRA.....	5
VIÐBURÐIR OG FERÐIR	5
MAT Á INNRA STARFI ÚT FRÁ STARFSÁÆTLUN	5
MATSPÆTTIR ÚT FRÁ MATSÁÆTLUN.....	6
NÝBREYTNÍ OG ÞRÓUNARVERKEFNI	6
FLUTNINGUR Á MILLI DEILDA	6
BÖRN VIKUNNAR	7
KARELLEN.....	7
LUBBI FINNUR MÁLBEIN	7
NÝ ÞRÓUNARVERKEFNI.....	7
MANNAUÐUR LEIKSKÓLANS	8
MENNTUN og FJÖLDI	8
STARFSÞRÓUN	8
BARNAHÓPURINN	8
TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR	8
STOÐÞJÓNUSTA	9
FORELDRASAMSTARF.....	9
VIÐTÖL, FUNDIR OG VIÐBURÐIR.....	9
KANNANIR.....	10
FORELDRAFÉLAG OG RÁÐ	11
ÖRYGGISMÁL.....	11
SLYSASKRÁNING.....	11
EFTIRLIT.....	11
HÚSNÆÐI OG VIÐHALD	12
LOKAORÐ.....	13

ÚTDRÁTTUR

Einkunnarorð leikskólans eru Virðing, væntumþykja og vinátta sem endurpeglast í daglegu starfi og samskiptum barna og starfsfólks. Áherslur skólans eru umhverfi, sköpun og lífsleikni sem er rauður þráður í starfinu okkar alla daga. Unnið var eftir starfsáætlun vetrarins og vannst sú vinna vel. Kirkjuból starfar eftir fjölgreindarkenningu Howards Gardner. Leikskólinn vinnur með málgreindina alla daga og skiptist önnur greindarvinna upp í fjögur tímabil:

- Samskipta- og sjálfsþekkingargreind
- Tónlistargreind
- Rök, rýmis og stærðfræðigreind
- Umhverfis og hreyfigreind

Í vetur var mikið unnið með læsi í gegnum, sögur, sögugerð, tjáningu, markvissa málörvun og hlustun ásamt vináttuverkefni Barnaheilla sem leggur áherslu á, vináttuna, jákvæð samskipti, vinsemd og virðingu fyrir fjölbreytni í nemendahópnum. Mikið er lagt upp úr markvissu starfi elstu barnanna sem mótast að vinnustundum þar sem lagt er upp með læsi, stærðfræði og þáttum sem undirbúa börnin fyrir næsta skólastig. Gott samstarf hefur myndast við aðra í tengslum við hefðir í skólanum og mikið var um áhugaverða viðburði og ferðir.

Leikskólinn hefur unnið með þróunarverkefnið „Vinur okkar Lubbi,, og hefur sú vinna fest rætur í daglegu starfi skólans. Í ár fengum við úthlutað úr Þróunarsjóði fyrir þremur nýjum verkefnum sem eru:

- Heilbrigð sál í hraustum líkama, er samvinnuverkefni með leikskólanum Bæjarbóli sem tekur á hreyfingu starfsfólksins og breyttu sniði á kaffitímum.
- Babblarnir, er málörvunarverkefni fyrir börn á leikskólaaldri og þau sem eiga erfitt með að tileinka sér tungumálið.
- Sögupokar, er verkefni til að auka áhuga barnanna á sögugerð og læsi.

Síðastliðið sumar var tekið í notkun nýtt samskipta og skráningarkerfi sem er nýjung í okkar starfi og lofar góðu. Einnig byrjuðum við að vinna með verkefnið „Börn vikunnar“ sem felst í því að gera þeim hátt undir höfði og úthluta þeim verkefnum ásamt því að efla sjálfsmynd þeirra.

Í skýrslunni eru einnig tölulegar upplýsingar um börn og starfsmannahópinn. Komið er inn á foreldrasamstarf og birtar niðurstöður úr tveimur foreldrakönnunum ásamt niðurstöðum úr starfsmannakönnun.

Miklvægt er að viðhalda vel eignum bæjarins og er Kirkjuból engin undantekning. Hann er rúmlega þrjátíu ára gamall og húsnæðið farið að láta nokkuð á sjá. Fyrirhugaðar eru breytingar á komandi árum þar sem á að endurgera lóð, ásamt því að stækka og betrubæta húsnæðið.

INNGANGUR

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 skal leikskólastjóri gera rekstraraðilum og sveitarstjórn grein fyrir starfsemi leikskóla í ársskýrslu leikskólans ár hvert. Ársskýrsla þessi tekur til skólaársins 2017 til 2018 og byggir að miklu leiti á starfsáætlun skólaársins, endurmati starfsmannahópsins og starfsmannasamtölum sem tekin voru í vor, ásamt tölulegum upplýsingum og úrvinnslu starfsmannakönnunar sem var á vegum Skólaláttamálsins í vetur.

INNRA STARF

Innra starf leikskólans er í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla. Helstu þættir sem unnið er með eru settir upp innan námssviða leikskóla og tengdir fjölgreindum.

Umfjöllun um innra starf er tengd við starfsáætlun Kirkjubóls fyrir skólaárið og meðal annars stuðst við endurmat frá starfsfólki.



EINKUNNARORÐ OG ÁHERSLUR



Einkunnarorð leikskólans eru Virðing, væntumþykja og vinátta sem á að endurpeglast í daglegu starfi og samskiptum barna og starfsfólks. Áherslur skólans eru umhverfi, sköpun og lífsleikni. Við ákváðum í fyrra að vinna með áherslurnar allar í einu og skipta þeim ekki upp á milli ára og hefur það komið vel út þar sem þær eru rauður þráður í starfinu okkar alla daga.

FJÖLGREINDIR

Undanfarin ár hefur verið unnið með fjölgreindakenningu Howards Gardner. Í september og október tókum við fyrir sjálfspekinga- og samskiptagreind, í nóvember og desember var það tónlistargreind, í janúar og febrúar var það rökstærðfræði- og rýmisgreind, við enduðum svo á að taka umhverfis- og hreyfigreind frá mars til maí. Verkefni gengu vel og starfsmenn voru ánægðir með að hafa ákveðinn ramma yfir verkefnið en leiðir innan hvernar deildar voru mismunandi með tilliti til aldurs barnanna.



Unnið var með málgreindina alla daga með frásagnir, þulur, ljóð, söngva og sögur, ásamt því að halda upp á Dag íslenskrar tungu.

Fjölgreindadagur var haldinn í lok hvers tímabils þar sem sett voru upp verkefni um allan leikskóla sem starfsfólk var búið að setja upp á hverri deild. Þessir fjölgreindadagar með stöðvavinnu um allan leikskólann eru ekki síst góðir til að gefa börnunum tækifæri til að kynnast leikskólanum sínum betur og hitta starfsfólk allra deilda. Starfsfólkið eins og börnin fær jafnframt tækifæri til að velja stöðvar eftir áhuga og skipuleggja útfærslu á þeim verkefnum sem eru í boði.

LÆSI

Í vetur var mikið unnið með sögur, sögugerð, tjáningu, markvissa málörvun og hlustun. Sögustundir féllu nánast aldrei niður og á elstu deild voru allar sögur skráðar á hringform og hengdar upp á vegg í bókaorm sem náði yfir alla deildina og gott betur en það í lok vetrar. Einnig var um vorið farið að lesa framhaldssögur á deild elstu barna og þar var einnig unnið með sögugerð þar sem börnin teiknuðu myndir úr sögunum og gerðar voru sögubækur með teikningum barnanna. Börnin æfðu einnig leikræna tjáningu og endursögn í samverustundum. Reglulega var Bókasafn Garðabæjar heimsótt þar sem börnin nutu þess að fá bækur lánaðar, skoða bækur og lita myndir.

VINÁTTUVERKEFNI BARNAEILLA

Unnið var markvisst með vináttuverkefnið á tveimur eldri deildunum, Heiði og Holti en á Lundi var unnið með hluta af námsefninu þó að mikið væri rætt um vináttu, lesnar vinasögur og sungnir söngvar. Börnin á elstu deildinni gerðu vináttubók þar sem gildi vináttunnar voru höfð að leiðarljósi. Öll börn í leikskólanum eiga vinabangsa og eru þeir alltaf aðgengilegir. Starfsmenn voru sammála því að nauðsynlegt sé að gefa svigrúm í dagskipulagi fyrir vinastundirnar eða samtvinna þær öðrum stundum. Einnig voru starfsmenn sammála því að vináttuverkefnið stuðli að betri samskiptum á milli barnanna og eykur umræðu um umburðarlyndi og fjölbreytileika.



Mikilvægt er að hefja forvarnarstarf strax á leikskólastigi með því að vinna með góðan skólabrag, jákvæð samskipti, vinsemd og virðingu fyrir fjölbreytni í nemendahópnum.

STARF ELSTU BARNNA

Börnin fóru í vinnustundur einu sinni í viku. Í ár var ákveðið að vinna með stærðfræðibækurnar, „Í talnalandi“ ásamt áherslu á almenna hlustun, einbeitingu, eftirtekt, frumkvæði og tjáningu. Einnig var áhersla lögð á að fara eftir fyrirmælum, hlusta og taka tillit til annarra í hópavinnu. Í vetur fórum við með börnin vikulega í fimleikasalinn í Ásgarði. Mikil ánægja var með þessar hreyfistundir bæði meðal starfsfólks og barna enda frábær aðstaða og fjölbreyttur útbúnaður í salnum. Telja má að það auki öryggi barnanna talsvert að þekkja sig í nýja skólaumhverfinu þegar þau byrja í 1.bekk.

Brúum bilið, er samstarfsverkefni á milli skólastiga. Börnin fóru m.a. í heimsókn í Flataskóla í október og fengum við börnin úr 1. bekk frá Flataskóla í heimsókn til okkar í nóvember og í febrúar. Börnin okkar fóru aftur í heimsókn í kringum páska og fengu að skoða páskaunga ásamt því að sjá sýningu hjá 1. bekk. Börnin fóru í vorskóla í Flataskóla, Hofsstaðaskóla og Sjálandsskóla þar sem foreldrar fylgdu sínum börnum. Þetta samstarf er nauðsynlegt til að auðvelda



börnunum að skipta um skólastig og því mikilvægt að halda vel í það sem gott er og byggja ofan á það.

Einnig var samstarf við aðra þar sem börnin fóru á hina ýmsu viðburði, til að mynda var þeim boðið á tónleika hjá Sinfóníunni í september á verkið „Veida vind“ Einnig var þeim boðið í Þjóðleikhúsið á sýninguna „Brúðukistan“ í nóvember. Í desember fóru börnin í Sívertsenhús að skoða og fræðast um jólahald á árum áður. Börnin fóru í umferðaskólann í júní sem haldin var í Kirkjubóli og buðum við elstu börnunum í Lundabóli til okkar. Skólaárinu lauk með útskriftarferð í Vatnaskóg og að því loknu fluttum við börnin á milli deilda þar sem elstu börnin fóru á Holt, sem þau ákváðu að kalla Ævintýraland.

SAMSTARF Á MILLI DEILDA

Þegar starfsmenn endurmátu síðasta skólaár kom fram að mikilvægt væri að styrkja starfsmannahópin sem heild með áherslu á samstarf, samstöðu og sátt. Mikilvægt er að horfa á leikskólann sem eitt hús, einn vinnustað þar sem starfsfólk hjálpast að og vinnur saman að sameiginlegum markmiðum. Þetta tókst með ágætum í vetur bæði með aukinni samvinnu og jákvæðni. Lagt var upp með að hugsa í lausnum og leysa þau verkefni sem upp koma í skólanum. Starfsmannahópurinn er sammála því að bæta má samfellu í námi barnanna eins og t.d. með Lubba verkefnin þar sem byggt verði ofan á eftir því sem börnin eldast.

SAMSTARF VIÐ AÐRA

Okkar heimaskóli er Flataskóli og höfum við átt gott samstarf með þeim í vetur ásamt öðru samstarfi eins og við aðra leikskóla og stofnanir í bænum. Vegna framkvæmda við Lundaból fengu börn og starfsfólk að vera hjá okkur í þrjá daga s.l. sumar og gekk það vel. Nokkrir nemendur frá Garðaskóla komu til okkar í starfskynningu hluta af degi á vormánuðum. Nýr húsvörður tók til starfa í apríl og sinnir hann okkur ásamt Bæjarbóli og Garðaskóla. Við höfum verið með leikskólakennaranema frá HÍ og lauk hennar síðasta vettvangsnámi sínu hér í vor.

VIÐBURÐIR OG FERÐIR

Við höldum í hefðir og hátíðir og vorum með nokkra fasta viðburði yfir árið, eins og t.d. Bangsa- og náttfatadagur, rauður dagur, rafmagnslausdagur, blár dagur, rugldagur, hjóladagur, tannverndarvika, forvarnarvikna, útskrift og sumarhátíð, piparkökubakstur, kirkjuferð, jólaball og jólastund í tónlistarskólanum, ferð í Árbæjarsafn, sorpuferð ásamt öðrum föstum liðum sem hafa komið fram hér í skýrslunni. Auk þess var boðið upp á myndatöku þar sem foreldrum gafst kostur á að kaupa myndir af barninu og hópmynd.



MAT Á INNRA STARFI ÚT FRÁ STARFSÁÆTLUN

Unnið var eftir starfsáætlun vetrarins og vannst sú vinna vel. Endurmat á starfinu var einna helst ábótavant þar sem okkur vantaði tíma til að vinna það eins vel og við vildum. Við höfum verið að meta starfið okkar eftir hverja önn en skipulagsdagar röðuðust ekki okkur í hag þetta árið. Endurmat á haustönn varð að taka í nóvember og því var allur desember eftir. Hann þurftum við að meta sér og alla viðburði tengda honum. Vegna námsferðar í vor náðist ekki að láta allt

starfsfólk skólans koma að endurmati á vorönn en stjórnunarteymi skólans gerði matið nú í byrjun sumars.

MATSPÆTTIR ÚT FRÁ MATSÁÆTLUN

Tvær utanaðkomandi starfsmannakannanir voru unnar í vetur, önnur var á vegum Skólapúlsins þar sem allir tóku þátt og hin á vegum TALIS þar sem hluti starfsfólks sem lentu í úrtaki tók þátt. Niðurstöður frá TALIS liggja ekki fyrir en niðurstöður úr könnun Skólapúlsins liggja fyrir og er skólinn að standa sig svipað og í síðustu könnun en þó eru nokkrir þættir sem skera sig úr.

- Starfsaldur er að lækka verulega og áhyggjuefni er að tíðni áreitni og eineltis er að aukast.
- Starfsánægja er svipuð og undanfarin ár en áhyggjuefni er hversu slæm vinnuaðstaðan er að mati starfsfólks.
- Sjálfsmynd við uppeldi og menntun hefur hækkað milli kannana en áhyggjuefni er hversu litla trú starfsfólk hefur á eigin getu við daglegt skipulag.
- Samstarfið í leikskólanum hefur aðeins minnkað samkvætt könnuninni og þarf að virkja það betur.
- Virkni foreldra í leikskólastarfinu hefur minnkað að mati starfsfólksins.
- Aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans hefur minnkað verulega að mati starfsfólksins.
- Ánægja með stuðning í leikskólanum við börn með sérþarfir hefur hækkað verulega og er það gleðiefni að við erum á réttri leið en við þurfum að bæta upplýsingar okkar á milli vegna barnanna þar sem sá þáttur hefur lækkað nokkuð.
- Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma hefur aukist mikið en starfsfólk vill meiri tíma til símenntunar.

Starfsmannakönnunin var kynnt fyrir starfsfólki í vor og rýnt í svörin. Í ljós kom að hluti starfsfólksins mistúlkaði spurningarnar og skildi kannski ekki alveg hvað var verið að tala um og því teljum við nauðsynlegt að einfalda orðalag í slíkum könnunum.

Einnig var ákveðið að meta aftur aðlögun barna og upplýsingaflæði til foreldra þar sem það kom síst út í síðustu könnun. Við vorum nokkuð ánægð með útkomuna nema þá helst að við hefðum viljað fá meiri svörun. Niðurstöður eru kynntar í foreldrakafnanum hér á eftir.

NÝBREYTNIR OG ÞRÓUNARVERKEFNI

FLUTNINGUR Á MILLI DEILDA

Undanfarin ár hefur flutningur á milli deilda farið fram í ágúst og hefur því verið mikið álag á börn og starfsfólk á þeim tíma þar sem einnig er verið að aðlaga inn ný börn í skólann. Í ljósi þess ákváðum við að færa flutning á milli deilda í byrjun sumars þegar flest börn eru í skólanum. Flutningar tókust vel og vonumst við til þess að haustið verði léttara.

BÖRN VIKUNNAR

Börn vikunnar er nýtt verkefni sem kom í kjölfarið á Erasmus+ verkefninu okkar sem lauk á síðasta ári. Verkefnið hefur verið á elstu deildinni og hafa tvö börn í viku verið „börn vikunnar“ Þau fá að sinna ýmsum verkefnum á deildinni, t.d. að vera dagastjórar, veðurfræðingar, baðherbergisstjórar, forstofustjórar ásamt fleiru. Í lok vikunnar komu börnin í viðtal til leikskólastjóra þar sem lagðar voru fyrir þau fyrirfram ákveðnar spurningar og voru svör barnanna þá sett í ferilbækur þeirra. Verkefnið kom vel út og er vilji fyrir því að gera enn meira úr því á næstu árum.



KARELLEN

Við byrjuðum að vinna með nýtt samskipta- og skráningarkerfi í byrjun skólaársins sem er vefkerfi og er hannað fyrir snjalltæki. Það hefur gengið ágætlega en nokkrir hnökror eru á því enn, sem snúa mest að nettengingu í skólanum og starfsfólki sem ekki er búið að tileinka sér vinnubrögð við það.

LUBBI FINNUR MÁLBEIN

Á öllum deildum er unnið með Lubba sem hefur verið þróunarverkni hjá okkur í tvo vetur. Mikið var leikið með stafi og hljóð í fjölbreyttum aðstæðum, eins og t.d. við matarborðið, í fataherbergi, í samverustundum og frjálsum leik. Einnig voru markvissar Lubbastundir þar sem hljóð og stafir voru kynntir í leikjaformi. Elstu börnin gerðu Lubbabók þar sem hvert hljóð fékk að njóta sín eftir hverja vinnustund. Á yngstu deildinni var byrjað að vinna eftir



áramót í markvissum Lubbastundum. Verkefnastjórinn lét af störfum fyrir áramót og enginn tók við keflinu en allir hafa hjálpast að við að halda verkefninu á lofti og þó mest deildarstjóri á elstu deild og aðstoðarleikskólastjóri sem tóku að sér að gera lokaskýrsluna nú í júní.

NÝ ÞRÓUNARVERKEFNI

Leikskólinn Kirkjuból sótti um í Þróunarsjóð leikskóla í Garðabæjar fyrir fjögur verkefni í vor og fengum úthlutað í þrjú verkefni að hluta og eru þau eftirfarandi:

- Heilbrigð sál í hraustum líkama, er samvinnuverkefni með leikskólanum Bæjarbóli sem tekur á hreyfingu starfsfólksins og breyttu sniði á kaffitímum. Verkefnastjóri er Helga Kristjánsdóttir fyrrum leikskólastjóri við leikskólann Sunnuhvol.
- Babblarnir, er málörvunarverkefni fyrir börn á leikskólaaldri og þau sem eiga erfitt með að tileinka sér tungumálið. Verkefnastjóri er Þóra Björk Bjartmarz, sérkennslustjóri.
- Sögupokar, er verkefni til að auka áhuga barnanna á sögugerð og læsi. Verkefnastjóri er Þóra Björk Bjartmarz, sérkennslustjóri.

MANNAUÐUR LEIKSKÓLANS

MENNTUN OG FJÖLDI

Breytingar eru enn í starfsmannahópnum. Hinn 1. desember 2017 voru samtals 21 starfsmenn í 17,9 stöðugildum í leikskólanum, auk tímavinnufólks sem skiptust þannig:

- 9 leikskólakennarar, af þeim var ein í tímavinnu, ein í veikindaleyfi og kom ekki aftur
- 12 leiðbeinendur, þar af ein í tímavinnu og tveir fóru í langtíma veikindaleyfi og komu ekki aftur
- 1 matráður
- Auk þessa störfuðu tveir aðrir leiðbeinendur í tímavinnu hjá okkur sem eru fyrrverandi starfsmenn.

Starfsfólk átti rætur að rekja til 5 landa sem eru: Suður- Kórea, Filippseyjar, Mauritius, Rússland og Ísland.

Fljótlega eftir áramót urðu enn fleiri breytingar í starfsmannahópnum en þá komu inn hjá okkur þrír nýjir starfsmenn í stað þeirra sem voru í veikindaleyfi, tveir leiðbeinendur og einn þroskaþjálfari.

STARFSÞRÓUN

Á þessu skólaári var búið að setja upp mikið úrval námskeiða/fyrirlestrar fyrir leikskóla í Kraganum sem starfsmenn höfðu möguleika á að taka þátt í. Því miður voru mörg námskeið sem féllu niður og rákust þau oft á annað hjá okkur. Reynt var að senda að lágmarki tvo á hvert námskeið og voru þau fjölbreytt og áhugaverð. Auk Kraganámskeiða sótti hluti starfsfólksins önnur áhugaverð námskeið til að auðga starfið. Við fengum einnig námskeið fyrir allt starfsfólkið og þá kom Eyþór Eðvarðsson til okkar á skipulagsdegi í september með fyrirlestur um samskipti, liðsheild og góðan vinnuanda. Einnig fór allt starfsfólk leikskólans á slysavarnarnámskeið á skipulagsdegi í október hjá Herdísi Storgaard ásamt starfsfólki Hæðarbóls og Sunnuhvols. Allt starfsfólk skólans tók þátt í Menntadegi Garðabæjar í október og sóttu ýmsar áhugaverðar málstofur. Stórhluði starfsfólksins fór í námsferð til Brighton í vor þar sem þau sóttu námskeið í numicon, sögugerð og sögupokum ásamt því að skoða útikennsluleikskóla. Frábær fer og mikið hópefli.

Deildarstjórum var skipt upp í handleiðsluhópa og sóttu handleiðslufundi 1x í mánuði í vetur. Deildarstjórar töluðu um að þetta væri gott en betra eftir að hópunum var skipt betur upp, þar sem mismunandi fjöldi var í hverjum hópi.

BARNAHÓPURINN

TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

Leikskólinn Kirkjuból tók til starfa 1. nóvember 1985. Fyrst voru börn ýmist í hálf dags- eða heilsdagsvistun en árið 1993 varð Kirkjuból eingöngu heilsdagsskóli og þá voru 54 börn í skólanum en í dag eru þau 58 og hafa dvalastundir barna aukist á milli ára.

Í Kirkjubóli eru pláss fyrir 61 barn og eru drengir í nokkrum meirihluta hjá okkur núna. Hinn 1. desember 2017 voru 61 börn í 76,6 barngildum og með 499,5 dvalarstundir, þar af voru 38 drengir og 23 stúlkur.

- Alls voru 1 drengur fæddur árið 2016
- Alls voru 20 börn fædd árið 2015, þar af eru 9 stúlkur og 11 drengir
- Alls voru 16 börn fædd árið 2014, þar af eru 4 stúlkur og 12 drengir
- Alls voru 13 börn fædd árið 2013, þar af eru 6 stúlkur og 7 drengir
- Alls voru 11 börn fædd árið 2012, þar af eru 4 stúlkur og 7 drengir

Barnafjöldinn skiptist á 3 deildar sem eru aldurskiptar.

- 16 börn á Lundi – 1 fætt 2014 – 14 fædd 2015 – 1 fætt 2016
- 22 börn á Holti – 1 fætt 2013 – 15 fædd 2014 – 6 fædd 2015
- 23 börn á Heiði – 11 fædd 2012 – 12 fædd 2013

10 börn áttu rætur að rekja til 10 landa sem eru: England, Sri Lanka, Filippseyjar, Íran, Mexíkó, Tæland, Portúgal, Þýskaland og Ísland. Tungumálin sem börnin tala auk íslensku eru: enska, shinhálíska, filippíska, spænska og tælenska.

Sex börn fóru frá okkur í Urriðaholtsskóla í apríl og tókum við inn þrjú börn í þeirra stað svo á vormánuðum voru 58 börn í skólanum.

STOÐÞJÓNUSTA

Sex börn fengu sérstakan stuðning sem starfsmenn við sérkenntu sinnu og að auki fengu 15 börn sérstaka handleiðslu hjá sérkennslustjóra sem snéri að málörvun, einbeitingu, þjálfun í fínhyringum, grófhreyfingum og félagsfærni svo eitthvað sé nefnt. Erfiðlega gengur að fá starfsfólk í sérkennslustöður og vantar okkur oft rými til að vinna með börnum sem þurfa sérkenntu.

Samráðsfundir voru sex á skólaárinu og voru haldnir annanhvern mánuð í Kirkjubóli. Á þeim fundum sat, leikskólastjóri, sérkennslustjóri, sérkennslufulltrúi, talmeinafræðingur og sálfræðingur.

Sálfræðingur kom að sex börnum og talmeinafræðingur kom að átta börnum hjá okkur.

Túlkþjónusta var lítil þetta skólaárið en þar sem mesta þörfin er, var ekki hægt að fá túlka.

FORELDRASAMSTARF

Mikið er lagt upp úr óformlegum daglegum samskiptum við foreldra og stuðlað er að gagnkvæmum upplýsingum um börnin og starfið þar sem kennarar eru ávallt til taks ef ræða þarf málín.

VIÐTÖL, FUNDIR OG VIÐBURÐIR

Hægt er að biðja um foreldrasamtal ef þurfa þykir hvenær sem er, en foreldrasamtöl eru í boði í október og mars. Í fyrra samtalinu gefst foreldrum tækifæri til að ræða líðan barns á nýrri deild ásamt öðrum málum sem þeim liggur á hjarta. Í seinna samtalinu er farið yfir stöðu barnsins í leik og námi ásamt öðru sem liggur fyrir á þeim tíma.

Foreldrafundur var haldinn í september og var mæting nokkuð góð. Ákveðið var að fresta kynningarfundum og fyrsta viðtali núna fyrir nýja foreldra fram í ágúst þegar starfsfólk hefur hafið störf að nýju eftir frí og nýr deildarstjóri er kominn.

Börnin buðu foreldum sínum í aðventukaffi í desember. Feður komu í morgunmat á Bóndadegi og mæður í kaffi á Góunni, tengt Konudeginum. Á degi leikskólans í febrúar var ömmum og öfum boðið í heimsókn. Opið hús var í lok apríl þar sem afrakstur vetrarstarfsins var sýndur og mörg falleg listaverk prýddu skólann, m.a. verk barnanna frá Listadögum barna í Garðabæ sem voru síðar notuð á hjóladegi í júní.

Foreldrafélagið bauð upp á ýmsa viðburði á árinu. Jólaleikrit í byrjun aðventunar og kom þá Leikhópurinn Vinir og sýndu okkur leiksýninguna, „Strákurinn sem tindi jólunum“. Bernt kom og sýndi okkur „Pétur og úlfurinn“ í apríl. Foreldrafélagið stóð fyrir fjöruferð á laugardegi í maí. Sumarhátíð var haldin eins og undanfarin ár í garðinum í lok maí þar sem boðið var upp á söngatriði barnanna og bauð foreldrafélagið upp á skemmtiatriði frá Sirkus Íslands. Foreldrafélagið bauð einnig upp á útskriftarferð sem farin var í Vatnaskóg í ár.



KANNANIR

Foreldrum voru sendar tvær rafrænar kannanir. Önnur í haust um aðlögun og var hún eingöngu send til nýrra foreldra. Seinni könnunin var um upplýsingaflæði og var hún send út nú á vormánuðum. Niðurstöður þeirra kannana voru eftirfarandi:

- Aðlögun nýrra barna

Könnunin var send rafrænt til foreldra og var svörun frá 17 af 25 foreldrum barnanna. Við lögðum upp með að fá 90% ánægju foreldra í könnuninni og náðum því í öllum spurningum nema þeirri sem náði til öryggi barna, þar voru 86% foreldra ánægðir. Við teljum að það komi til vegna aðstöðu okkar í garðinum. Ekki er sér útsvæði fyrir yngri börn en vonandi verður það komið áður en aðlögun byrjar hjá okkur í ágúst. Í þeim spurningum sem foreldrar voru þökkalega ánægðir, getum við skoðað að gera betur næst. Það eru þættir sem snúa að upplýsingaflæði til nýrra foreldra í aðlöguninni, aðgengi að starfsfólki deildarinnar og aðbúnaði deilda. Við teljum að betra er að hafa kynningarfund fyrir foreldra seinnipart sumar þegar börnin byrja frekar en að vori líkt og við gerðum. Við erum að færa yngri deildina á annan stað þar sem þau verða meira sér og fá vonandi meira næði til svefns.

- Upplýsingaflæði

Þegar könnunin var send út voru 56 börn í skólanum. Í þessari könnun ákváðum við að senda könnunina einungis á annan forráðamanninn nema að þeir ættu sitthvort lögheimilið, sem voru forráðamenn sex barna. Einnig fengu forráðamenn fjögurra systkinapara einungis eina könnun senda á sitt heimili og því fengu 58 forráðamenn könnunina senda til sín. Svörunin var því 38/58.

Lagt var upp með að foreldrar 90% barna væru ánægð með upplýsingaflæðið. Við náðum því ekki alveg í en vorum nálægt því, 85,3% foreldra voru ánægð með upplýsingaflæðið. Einungis

3 voru frekar óánægð og 1 sem var mjög óánægður eða bara óánægður með að við værum ekki að nota facebook. Við teljum okkur á réttri leið en í ljósi nýrra persónuverndarlaga verður ekki opnuð facebooksíða. Einnig var spurt í könnuninni hvernig foreldrar vildu fá upplýsingar og var tölvupósturinn lang mest orðaður eða 55,88% sem völdu hann, þar á eftir kom Karellen eða með 14,71%, töflurnar í fataklefanum fengu 8,82% og munnlegu skilaboðin fengu 5,88%. Í ljósi þessara niðurstaða verðum við að vera duglegri við að senda frá okkur deildarpósta og virkja betur Karellen.

Við hefðum viljað fá betri svörun í báðum könnununum en þetta var niðurstaðan núna eftir að búið var að gefa foreldrum ríflegan tíma og áminningar um að svara.

FORELDRAFÉLAG OG RÁÐ

Við skólann er starfrækt öflugt foreldrafélag og foreldraráð sem er góður stuðningur við allt starf skólans og kosið er í þau á foreldrafundi að hausti. Foreldrafélag hittist reglulega á fundum yfir veturinn en foreldraráðið fundaði eftir þörfum. Í haust sendi foreldraráð m.a. bréf til Bæjarráðs þar sem það kom á framfæri áhyggjum sýnum á húsnaði og lóð skólans.

ÖRYGGISMÁL

SLYSASKRÁNING

- Alls voru skráð 10 slys á árinu þar af voru 8 hjá börnum og tvö hjá starfsfólki. Flest slysin á börnunum voru sem betur fer minniháttar, fjögur slys urðu í garðinum og fjögur slys innandyra. Öll nema eitt voru við fall/hras en í einu tilviki var talið að barn hafi gleypst glerbrot. Í fjórum tilfellum var farið á heilsugæslu og var farið á slysaveiðstofuna í þremur tilvikum, vegna: glerbrots í munn, viðbeinsbrots og gat í tungu. Skoðað var hvort slysin væru á svipuðum tíma en slysin voru á bilinu frá kl. 9.00 til 16.00 og var ekki hægt að greina sérstakt munstur á þeim.
- Skráð voru tvö slys hjá starfsfólki og voru þau bæði á lóð leikskólans, annað vegna falls í hálfu og hitt vegna falls úr rólu. Starfsfólkið var frá vinnu í tvær og tíu vikur en þetta fór betur en á horfðist í byrjun.

EFTIRLIT

- Slökkviliðið kom í árlegt eftirlit í október og voru minniháttar athugasemdir lagaðar
- Öll slökkvitæki leikskólans yfirfarin í september
- Í júní var öryggis- og eldvarnarkerfi leikskólans yfirfarið og prófað
- Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins kom í heimsókn á Lundarból í október þar sem skólarnir sameiðuðust með fræðslu fyrir elstu börnin í og börnin á elstu deildinni sinna eldvarnareftirliti í leikskólanum ásamt kennara einu sinni í mánuði



- Skipt hefur verið um klemmuvarnir eftir þörfum en enn eru nokkrar plast klemmuvarnir eftir sem þarf að fara að skipta út
- Garðurinn er genginn að morgni til að kanna aðstæður áður en börn fara út og skiptist sú ábyrgð á milli deilda.

HÚSNÆÐI OG VIÐHALD

- Kirkjuból er orðinn rúmlega þrjátíu ára gamall og húsnæðið farið að láta nokkuð á sjá.
- Fjögur ár eru liðin frá því að arkitekt kom í leikskólann og tók út aðstæður í eldhúsi miðað við nútímakröfur um hreinlæti og aðbúnað. Byrjað er að teikna stækkun á Kirkjubóli sem færir okkur stærra og betra eldhús ásamt betri og stærri aðstöðu fyrir starfsfólkið. Vonir standa til að farið verði í framkvæmdir á næsta ári.
- Landslagsarkitekt tók út leikvöllinn og skilaði inn nýjum teikningum af honum í júní 2015 en engar úrbætur voru gerðar þá á leikvöllinum. Breytingar urðu á teikningu lóðarinnar á árinu og vonandi verður farið í hluta lóðarinnar í sumar og gerð aðstaða fyrir yngri börn á vesturhluta lóðarinnar. Vonir standa til að því verki verði haldið áfram og lóðin kláruð á næstu árum því þar eru margar skemmtilegar hugmyndir á teikningunni eins og til dæmis gervigras undir fótboltavöll, nýr kastali og nýtt undirlag. Mikið mæðir á svæðinu, mól er til ama og undirlag orðið lélegt. Malbikið er orðið sprungið og komin þörf á að bæta leiksvæði barnanna.
- Kallað var til fagaðila til að skoða dökka bletti í gólfi á elstu deildinni í austurendanum en engar úrbætur hafa fengist enn, talið er líklegt að þurfi að setja hita í gólfin til að koma í veg fyrir að þetta komi aftur.
- Fyrirhugað er að bæta skiptiaðstöðu á Holti þar sem þar verða yngstu börnin frá næsta hausti.
- Nokkur smáatriði hafa verið framkvæmd á árinu, eins og t.d. laga sýrennsli í klósettum, skipta um eitt klósett og nú síðast að færa á milli deilda þar sem yngri börnin eru að fara á aðra deild. Ofnar hafa verið ýmist mjög kaldir eða sjóðandi heitir og hefur fagaðili komið vegna þeirra.
- Kallað hefur verið eftir framkvæmd vegna leka í vesturhluta þar sem gert var við þakkant í fyrra. Ekki hefur verið komið fyrir lekann.
- Í september óskuðum við eftir að fá nýja rúðu í eldhús, þar sem þar er brotin rúða en því verki er enn ólokið.
- Búið er að óska lengi eftir framkvæmd við nokkra litla þætti sem ekki hafa verið framkvæmdir.
- Löngu er tímabært að setja upp nýtt símkerfi og lagnir fyrir nettengingar sem verður vonandi farið í fljótlega.

Eins og þessi listi gefur til kynna eru mörg verk framundan og verður ánægjulegt að sjá og fylgjast með framkvæmdum á næstunni.

LOKAORÐ

Unnið var vel eftir starfsáætlun í vetur og hefur leikskólinn undanfarin ár smám saman verið að byggja upp fasta þætti í starfinu og vinnubrögðum. Verkefnið um Lubba og vináttuna hafa fest rætur í skólanum og verður áhugavert að vinna enn frekar með þau í framtíðinni, ásamt því að mikil tilhlökkun ríkir í starfsmannahópnum að taka þátt í nýjum þróunarverkefnum.

Í starfsmannasamtölum kom fram að upplýsingaflæði leikskólans hefur stór aukist og mikil ánægja er með það. Starfsmannahópurinn er að þjappast saman með aukinni gleði og jákvæðni. Deildarfundir þurfa að komast á fasta tíma og vera reglulega, ekki síst til að leggja áherslu á ábyrgð hvers og eins starfsmanns, að vera meðvitaður um það sem er á döfinni hverju sinni.

Í starfsmannakönnun á vegum Skólapúlsins kom í ljós að starfsfólk leikskólans telur afar brýnt að bæta vinnu- og starfsmannaaðstöðu í skólanum. Í því máli horfum við björtum augum fram á veginn, þar sem fyrirhugað er að fara í framkvæmdir á húsnaði leikskólans með stækkun og bættri aðstöðu fyrir starfsfólk ásamt framkvæmdum á lóð leikskólans.

Miklar breytingar í starfsmannahópnum gerðu veturinn erfiðann, það tekur tíma að byggja upp nýjan starfsmannahóp sem er samstíga og hefur sömu áherslur. Nýr leikskólastjóri tók við keflinu í ágúst eftir að hafa verið að leysa forvera sinn af og nýr sérkennslustóri hóf störf í janúar. Nýtt stjórnunarteymi hefði þurft að fá tíma til að mynda sér stefnu og yfirfara námskrá skólans ásamt öðru efni sem þarf að fara yfir, en ekki hefur gefist tími til þess að klára þá miklu vinnu. Starfsfólk leikskólans hefði einnig þurft að fá meiri tíma til að skipuleggja starfið og stilla saman strengi á starfsmannafundum og skipulagsdögum en mikið af þeim tíma fór í annað, eins og deildarfundir, námskeið, endurmat og fleira. Nokkuð var um fjarvistir hjá starfsfólki en með samhentunni áttaki allra tóks að halda úti metnaðarfullu starfi í leikskólanum. Erfitt er að starfa undir miklu álagi til langs tíma, það kallar oft á meiri fjarveru í kjölfarið og því mikilvægt að auka stöðugildi í afleysingum. Búið er að ráða í flestar stöður fyrir haustið og er það góð viðbót í okkar metnaðarfulla og samhenta starfsmannahóp sem horfir björtum augum fram á næsta skólaár.

Skólinn nýtur góðs stuðning sveisastjórnarmanna og starfsfólks fræðsluviðs sem hefur metnað fyrir góðu skólastarfi í sveitarfélaginu sem felst m.a. í því að efla starfsumhverfi leikskólanna með því að greiða hærri laun. Við teljum að með þessu framtaki sé verið að taka skref í rétta átt til að fjölga fagfólki og metnaðarfullu starfsfólki.